



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2016.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 158/1999 (réttur til sambúðar á stofnun), 145. löggjafarþing 2015-2016. Þingskjal nr. 452 – 352. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Í frumvarpinu er lagt til að aldraðir eigi kost á að vera samvistum við maka eða sambúðarmaka sem þarf, vegna skertrar heilsu eða færnis, að dveljast til langframa á stofnun fyrir aldraða.

Skrifstofan styður frumvarpið og telur það grundvallarréttindi að hjónum eða sambúðarfólki sé tryggður sá réttur að halda samvistum áfram ef svo er á statt sem að framan greinir.

Líkt og segir í greinargerð með frumvarpinu þá getur aðskilnaður reynst eldri borgurum og aðstandendum þeirra afar þungbær og ætti réttur til sambúðar á stofnun að efla sjálfstæði og sjálfákvörðunarrétt þeirra. Þá hefur aðskilnaður hjóna eða sambúðarfólks óumflýjanlega aukinn kostnað í för með sér sem í mörgum tilvikum kemur sér einkar illa fyrir ellilífeyrisþega. Minnt skal og á 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. nr. 62/1994, 8. gr. um rétt til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

MRSÍ fagnar því frumvarpinu án athugasemda.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri